

Af hálfu gerðarpola mætir Tage Ammendrup verzlunarstjóri. Upplýsir hann, að nú séu óseld af plötu þessari ca. 310 eintök.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda setti nú sem tryggingu 15000 króna eigin sýningarvixil, útgefinn í dag af umboðsmanni gerðarbeiðanda til handa borgarfégetanum í Reykjavík. Tók fégeti þá tryggingu gilda.

Upplýst er í réttinum, að plata sú, sem um ræðir í máli þessu, sé merkt „Íslenzkir Tónar I.M. 1“.

Fógeti lýsti því nú yfir, að hann legði lögbann við því, að verzlunin Drangey selji eða hlutist til um, að seld verði ofangreind grammofón-plata, og brýndi fyrir mættum Tage Ammendrup, að lögbann þetta mætti ei brjóta, að viðlagðri lagaábyrgð.

Mánudaginn 31. marz 1952.

Nr. 23/1952. **Steindór Jónsson**
 gegn
 Lúðvík Eggertssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Steindór Jónsson, er eigi sækir dómþing í mál-inu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. apríl 1952.

Nr. 15/1952: **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)
 gegn
 Magnúsi Steinari Gíslasyni
 (Sigurgeir Sigurjónsson)

Borgararéttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar af ákærvaldsins hálfu einungis til sviptingar réttinda ákærða samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði verið dæmdur sekur m. a. fyrir brot gegn 244. gr. framan-greindra laga. Varðar það brot missi réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga. Ber því að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá uppsögu dóms þessa að telja.

Að öðru leyti verður hinum áfrýjaða dómi ekki raskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 250.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Steinar Gíslason, er frá uppsögu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Lárusar Jóhannessonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 30. júní 1951.

Ár 1951, laugardaginn 30. júní, var í aukarétti Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af bæjarfógeta Guðmundi Í. Guðmundssyni upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Magnúsi Steinari Gíslasyni, Hellubraut 8 hér, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og áfengislögum nr. 33 frá 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. marz 1927, og hefur sætt refsingu, eins og hér segir:

1943 24/11 Sátt: 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1944 20/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1944 8/12 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1945 23/5 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1945 3/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1945 24/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1945 12/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1946 31/3 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

- 1946 4/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1946 17/2 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1946 23/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 7/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 9/12 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 7/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 18/6 Sátt: 500 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir o. fl.
- 1947 21/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.
- 1947 13/8 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 20/9 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 30/9 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 5/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 7/11 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 7. kafla lögreglusam-
þykktar Reykjavíkur.
- 1947 24/11 Hafnarfjörður. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og mótlþróa við
lögregluna.
- 1948 25/8 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusam-
þykktarinnar og ölvun á almannafæri.
- 1949 9/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun á dansleik. Fellt niður.
- 1948 28/9 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 15/10 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 7/11 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 29/11 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 30/11 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1949 30/1 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1949 7/2 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1949 12/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun á dansleik. Fellt niður.
- 1949 26/7 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1950 19/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1950 20/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 1949 2/8 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1950 29/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 1950 28/12 Hafnarfjörður. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 9. apríl 1951 kl. 20 tilkynnti Gísli Ásgeirsson, Vitastíg 10, Hafnarfirði, lögreglunni, að brotízt hefði verið inn í mannlausu íbúðina hjá sér þá um kvöldið og stolið þaðan peningakassa með um 7000 krónum í peningum, auk sparisjóðsbókar og ýmissa skjala. Féll strax grunur á ákærða, Magnús Steinar Gíslason, enda urðu brátt rakin spor hans, þar sem hann var á ferð í Reykjavík næstu daga mjög ölvaður. Var hafin leit að honum, og fannst hann ekki fyrr en 13. apríl og var þá handtekinn. Játtaði hann viðstöðulaust að hafa framið innbrotið og lýsti nánari at-
vikum að því, eins og hér segir: Hann hafi verið á fyllirí umrætt kvöld og búinn að senda til að kaupa eina flösku af brennivíni hjá Gísla Ás-
geirssyni, en þegar það var protíð, lét hann bíl aka sér til Gísla. Var þá

enginn heima, en opinn gluggi, er ákærði kom að til að gera vart við sig.

Fór ákærði inn um gluggann í því skyni að leita að áfengi, en fann ekki, en rakst þá á peningakassa og ákvað þá að taka hann með sér. Lét hann kassann út um gluggann, en fór sjálfur út dyramegin, fór niður í bíl og ók burt, en ók til baka aftur og sótti kassann, þegar hann hafði skilað af sér manni, sem með honum var í bílnum. Síðan fór ákærði með kassann heim til sín, sprengdi hann þar upp og tók peninga úr honum, án þess að aðgæta, hve mikið það var. Faldi hann kassann úti í skúr heima hjá sér, en hélt síðan til Reykjavíkur og var þar á fyllirri, unz hann var tekinn fastur. Hafði hann þá eytt úr kassanum 3000 krónum fyrir áfengi og í bifreiðarakstur, nema 500 krónum, sem hann hafði látið tvo tilgreinda menn fá. Hann hefur að fullu endurgreitt þessa peninga og skilað kassanum ásamt sparisjóðsbókinni og skjölunum, sem í voru.

Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 18. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Þá skal og samkvæmt 64. gr. hegningarlaganna lagt fyrir ákærða, að hann hvorki kaupi né neyti áfengis í fjögur ár, frá því að hann hefur lokið við að taka út refsingu sína.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður, þar á meðal skipuðum talsmanni sínum, Birni Sveinbjörnssyni, kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Steinar Gíslason, skal sæta fjögurra mánaða fangelsi. Þá skal ákærði sviptur heimild til að kaupa eða neyta áfengis í fjögur ár, frá því að hann hefur lokið við að taka út refsingu sína.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal skipuðum talsmanni sínum, Birni Sveinbjörnssyni, kr. 350.00 í málsvarnarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.